# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 31. JÚLÍ 2019



Sandra Sif hefur komið sér vel fyrir í Kópavoginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Draumahúsið varð til á einum mánuði

Knattspyrnukonan og markaðsstjórinn Sandra Sif Magnúsdóttir er ekki þekkt fyrir að tvínóna við hlutina. Á síðasta ári tók hún stórt einbýlishús í Kópavogi í gegn á aðeins einum mánuði og er útkoman stórkostleg. →2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.





Eldhúsið fyrir breytingar.



Eldhúsið er einstaklega glæsilegt eftir breytingar.

**Framhald af forsíðu ➪**



Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

Húsið er einu ári eldra en Sandra sjálf, en í því býr hún ásamt kærastanum sínum Arnóri Sveini og syni þeirra. „Húsið er byggt árið 1987, með fallegt og einfalt form, og var vel við haldið af fyrri eigendum. Við vildum þó breyta heildarsvipnum en stíllinn okkar er nokkuð einfaldur og dökkur. Ég vil hafa dökkar innréttingar og þykir skemmtilegra að láta liti njóta sín í hlutum sem hægt er að skipta út með litilli fyrirhöfn. Með því að spila saman tímalausri hönnun og praktískum innréttingum lifa húsgögn og innréttingar lengur og nýtast vel í hversdagslegu lífi.“ Þegar Sandra eignaðist sína fyrstu íbúð kviknaði áhuginn á hönnun. „Þá fyrst fór mér að þykja gaman að innrétta, breyta og gera fallegt í kringum mig.“



Barnaherbergið er hlýlegt og notalegt.



Þau brutu niður vegginn sem var á milli stofu og eldhúss.



Alrýmið er sá staður þar sem Söndru finnst best að vera. Þar sem allir koma saman.



Sandra er mikil áhugakona um hauskúpur.

## Best þegar allir eru saman

Sandra er mikil fjölskyldumanneskja og henni líður best þegar allir eru saman. „Það var einmitt möguleikinn á stóru opnu aðalrými sem heillaði mig mest við þetta hús, aðalaðstaða fjölskyldunnar á einum stað. Ég er sjálf alin upp í húsi með litlum herbergjum þar sem allir voru alltaf saman í alrýminu og erum við mjög náin þess vegna. Því vil ég gera það sama með mína fjölskyldu.“

Sandra ólst upp í Breiðholti en dreymdi alltaf um að búa í Kópavogi. „Sem barn þá grátbað ég foreldra mína að flytja í Kópavog þar sem ég var alltaf með annan fótinn í Kópavogi. Það virkaði aldrei en loks er ég flutt í draumahúsið í draumbænum. Það er virkilega gott að búa í hérna,“ segir Sandra.

## Allt tekið í gegn

Þegar Sandra og Arnór keyptu húsið vissu þau að það þyrfti að gera ansi margt til að húsið yrði eins og þau vildu hafa það. „Við rifum út innréttingar, brutum niður veggi og fjarlægðum gólfefni. Því næst máluðum við allt húsið, flotuðum gólfið, teppalögðum stigann og settum upp nýjar innréttingar.“ Öll þessi vinna tók ekki nema fjórar vikur, sem er í raunininni ótrúlegt.

„Að undanskilinni rafmagns- og pípulagningavinnu gerðum við þetta allt sjálf. Við smíðuðum meira að segja borðstofuborðið okkar með pabba mínum. Þegar við höfðum málað veggina og flotað gólfið kom svo babb í bátinn. Liturinn á veggjunum passaði bara alls ekki við gólfið. Við máluðum því allt húsið aftur, öllum til mikillar ánægju,“ segir Sandra og glottir. „Við fengum gríðarlega góða hjálp frá vinum og fjölskyldu, sérstaklega Magnúsi, pabba mínum. Þetta hefði ekki tekist á svona skömmum tíma án Magga smiðs, eins og flestir kalla hann. Hann stýrði þessu eins og herforingi,“ segir Sandra.

## Heldur upp á hauskúpurnar

Sandra segist ekki vera mikill safnari, en hún heldur þó upp á hauskúpurnar sínar. „Ég byrjaði á að kaupa mér eina og svo tvær og svo er alltaf að bætast við, bæði sem myndir og sem styttur. Hún móðir mín hefur ekki gaman af þessum hauskúpum og hristir alltaf hausinn þegar það bætast nýjar í safnið,“ segir Sandra hlæjandi.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



Wakeboard
74.990 kr.
Taska, skór og toglína fylgja
Belgur til að draga
19.990 kr.
Icebreaker
Oasis Crewe
bolur barna
5.990 kr.
Icebreaker
Oasis Crewe
leggings barna
5.990 kr.
Icebreaker
Everyday
bolur
9.990 kr.
Icebreaker
Everyday
leggings
9.990 kr.
Jobe
Universal
björgunarvesti
7.990 kr.
Palm
Meander
kajak vesti
15.990 kr.
Vaðskór
Barna 1.990 kr.
Fullorðins 2.590 kr.
ERT ÞÚ
KLÁR FYRIR
HELGINA
...og með réttu græjurnar?
Typhoon
Ezeedon
þurrgalli
62.900 kr.
Hettur 3mm
4.900 kr.
Neoprene hanskar 3mm
4.590 kr.
Neoprene skór
5mm
5.990 kr.
GUL 5mm
blautgallar
Barnastærðir
18.990 kr.
GSI
Gasbrennarar
verð frá
5.090 kr.
GSI
Veglegt hnífasett
6.390 kr.
GSI
Vatnspokar
-ekkert plastbragða
verð frá 1.690 kr.
Osprey dufflar
verð frá
21.990 kr.
AKU Tribute,
léttir gönguskór
24.990 kr.
Ferrino
Lightech
svefnpoki
17.990 kr.
GSI Gaskútar
verð frá 890 kr.
Exped
Synmat HL tvöföld dýna
49.990 kr.
Ferrino
Swift 60 tjalddýna
13.995 kr.
Ferrino Lightent2 tjald
34.990 kr.
Þú finnur allar
okkar vörur
ásamt ítarlegum
upplýsingum á
www.ggsport.is
GG•sport
Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram
Smiðjuvegur 8, Græn gata 200 Kópavogi, sími: 571 1020, www.ggsport.is
Opið virka daga frá 10.00 til 18.00, Lokað laugardaginn 3. ágúst

